

LANDSSAMBAND ISLENZKRA ÚTVEGSMANNA



Alþingi

Samgönguráðuneytið,
Hafnarhúsinu,
Reykjavík.

Erindi nr. P 118 / 1268
komudagur 22/2 1995
Reykjavík, 21. febrúar 1995.

Samtökunum hafa horið frá ráðuneytinu til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum. Gengur breytingartillagan út á það að fella niður hámarksaldur þeirra fiskiskipa, sem flytja má til landsins, sem er 15 ár.

Samtökin lýsa því yfir, að þau eru alfarið á móti rýmkun á hámarksaldri innfluttra fiskiskipa.

Ástæða þessa er fyrst og fremst sú, að það er staðreynd að íslenski fiskiskipaflokkurinn er í dag miklu stærri en æskilegt væri með hlífðun af veiðipóli fiskistofna. Hefur verið unnið að því að minnka flotann til þess að auka arðsemi veiðanna.

Afnám aldurstakmarkana á innfluttum fiskiskipum myndi leiða til þess að gömlum stórum fiskiskipum myndi fjölga, skipum sem hefðu takmörkuð eða engin verkefni á íslensku hafsvæði.

Má ætla að eftir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um úthafsveiðar, sem ljúka á á þessu ári, verði að mestu tekið fyrir möguleika fiskiskipa á veiðum utan landhelgi. Kæmi þá upp sú krafa, að þessi innfluttu skip fengju veiðileyfi innan íslenskrar efnahagslögsögu. Sem fyrr segir er engin vöntun á slíkum skipum til veiða við Ísland. Á slíka fjölgun skipa yrði jafnframt lítið sem ógrun við Norðmenn, hvað veiðar í Smugunni og Barentshafi snertir, en þangað má ætla að þessum skipum yrði helst beitt fyrst í stað.

Ítreka samtökin að endingu að þau lýsa sig mótfallin öllum rýmkunum á aldurstakmörkunum innfluttra fiskiskipa frá því sem nú gildir.

Virðingarfyllst,

Éh. Landssambands ísl. útvegsmanna


Jónas Haraldsson

Varðar: Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993
með síðari breytingum.

Við 8. gr. laganna, eins og hún er orðuð í frumvarpinu, bætist ný málagein sem orðist svo:

Heimilt er að fela fulltrúa alþjóðlegs flokkunarfélags að annast skoðun skv. 1. mgr. í samræmi við fyrirmæli siglingamálastjóra.

Að alþjóðlegum flokkunarfélögum sé falið að annast þær skoðanir sem hér um ræðir, er í fullu samræmi við það sem viðgengst í alþjóða viðskiptum á þessu sviði. Má í því sambandi benda á að í tengslum við hinar tíðu sölur á skipum héðan frá Íslandi síðustu misserin, hafa fulltrúar þeirra alþjóðlegu flokkunarfélaga sem hér starfa, annast skoðanir fyrir hönd stjórnvalda þar sem skrá á skipið. Heimildarákvæði sem þetta er til að firra kaupanda þeim kostnaði sem er samfara því að senda skoðunarmenn héðan frá Íslandi, það hefur engin áhrif, nema síður sé á að skipin uppfylli ekki þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 1995

komudagur 22/2 1995

Borgartún 18
105 Reykjavík
Sími: 91-629062

Vélstjórafélag Íslands

Samgöngunefnd,
b.t. Guðjóns Rúnarssonar,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Rvfk 21. feb. 1995.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga til breytinga á lögum um eftirlit með skipum nr.35/1993.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fella úr gildandi lögum ákvæði um hámarksaldur innfluttra skipa. VSFÍ tekur undir þessa breytingu, enda uppfylli innflutt skip þær tryggiskröfur sem Siglingamálastofnun ríkisins gerir hverju sinni.

Þar sem nú er verið að leggja til breytingar á nefndum lögum, sem tóku gildi í núverandi mynd á árinu 1993, óskar VSFÍ eftir því að þær breytingar sem Samgöngunefnd lagði til á 9. gr. frumvarpsdraganna, á sínum tíma og var samþykkt, verði breytt til þess sem nefndin sem samdi frumvarpsdrögin lagði til og verði þannig: Elganda skips, útgerðarmanni, skipatjóra og yfirvéltjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á. Skipatjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi lögskipin skírteini um borð.

Virðingarfyllt
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal formaður.

Meðfylgandi: Greinargerð VSFÍ, frá í maí 1993.

Umboðsskrifstofur VSFÍ.

Vesturland:
Grundargata 94
350 Grundarfirði
Sími: 93-86894

Norðurland:
Skipagata 14
800 Akureyri
Sími: 96:21870

Suð-Austurland:
Smárabraut 13
780 Höfn, Hornafirði
Sími: 87-81255

Eftirlit með skipum

Í apríl s.l. tóku gildi ný lög nr. 35/1993 um eftirlit með skipum. Til þess að semja drög að frumvarpi til þessara laga var skipuð sérstök nefnd á árinu 1988, sem í áttu sæti fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi Íslenskra úrvegsmanna, Sambandi Íslenskra kaupskipaáætgerða, Samgönguráðuneyti og Siglingamálastofnun ríkisins. Í frumvarpsdrögnum, sem nefndin skilaði af sér fyrirhluta árs 1990, voru lagðar til venulegar breytingar á eldri lögum, en í stórum sínum tók nefndin mið af sambærilegri löggjöf nágrannaþjóðanna, sem um margt var áhrufvís en okkar, bæði hvað varðar efni og uppröðun. Samgönguráðherra fór þá að tillögum nefndarinnar og flutti frumvarpið óbreytt eins og nefndin hafði lagt til. Sú breyting, í frumvarpinu sem varðaði vélstjórastéttina hvað mest, kom fram í 9. gr. frumvarpsins en 9. gr. kveður á um hverjir beri ábyrgð á að lögskipaðar skoðunir fari fram á skipum. Í lögnum, um eftirlit með skipum, frá 1987 3. gr. voru ábyrgðaraðilarnir tilgreindir. Greinin hljóðar svo „Eiganda skips, úrgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargæðir fari fram á skipi og því sé haldið hæfæru hvanær sem því er lagt úr höfn“.

Í frumvarpsdrögnum hljóðaði samsvarandi gr. 9. gr. svo: „Eiganda skips, úrgerðarmanni, skipstjóra og yfirvélstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargæðir fari fram á skipi eftir því sem við á. Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé hæfært þegar það leggur úr höfn og hafi lögbodin skirtelni um borð.“

Greinin er sett upp í atvundaröð eins og var í eldri lögum. Fyrst er skipið skoðað og síðan fær það pappír. Það sem breyttist efnislega skv. tillögu nefndarinnar er:

1. Til samræmis við 53. gr. sjómanna-laga er yfirvélstjórnin talinn með þeim sem bera ábyrgð á að lögskipaðar skoðunargæðir fari fram.

2.

2. Í lok fyrri setningarinnar bætist við „eftir því sem við á“. Þarna er verið að vísa til þess að yfirvélstjórnin ber ábyrgð á að ákveðnar skoðunargæðir fari fram skv. 53. gr. sjómanna-laga. Aðrar skoðunargæðir, sem hvergi eru að vísu skilgreindar í lögum, eru því á ábyrgð skipstjóra.

3. Seinni málsgreinin, sem er að hluta til ný, kveður á um að það er eingöngu skipstjóri skipsins, en ekki einnig úrgerðarmaður eða eigandi skips, sem ber ábyrgð á að skipið sé hæfært og hafi lögbodin skirtelni um borð þegar því er lagt úr höfn.

Til þess að skýra þau sjónarmið sem lágu að baki tillögunni og fram koma í 53. gr. sjómanna-laga, er rétt að birta greinina hér í heild:

„Yfirvélstjóri stjórnar og ber ábyrgð á vélgæslunni. Hann skal sjá um óaðfínnanlegan rekstur, meðferð og viðhald á vélbúnaði skipsins, tilheyrandi lögnum og útbúnaði, svo og á þeim hluta af hól skipsins sem lýkur um vélarúm, ásamt tilheyrandi geymum og göngum.“

Hann hefur umsjón með eldsneytisforðu skipsins og öðrum nauðsynjum til reksturs og viðhalds véla, veitir þeim mót-töku og athugar magn þeirra og gæði.

Hann ákveður verkaskiptingu og starfs-tilhögun hinna vélstjórnanna og annarra starfsmanna í vél.

Yfirvélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra ef hann verður var við galla eða bilun á þeim hlutum skipsins, úhæðum og útbúnaði sem að framan greinir.

Yfirvélstjóri ber ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins. Ef yfirvélstjóri fortallast eða að hann fjarverandi og beri einhveru þú að höndum sem hann hefur enga fyrirskipun gert um skal ná vörð hinni vélstjórnanna, sem til stödur er, ráða fram úr því sem ekki má fræsa.

Vélstjóri ritar í vélabók og ábyrgist að rétt sé ritað“.

Eins og þarna kemur fram ber yfirvélstjóri ábyrgð á „fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins“. Samkvæmt skilgreiningu flokkunarfélagu mun að búnaður sem er á ábyrgðarsviði yfirvélstjóra nema á milli 80-90% af öllum skoðanaskyldum búnaði um borð og því afar eðlilegt að tilgreina yfirvélstjórnann í áður nefndri upptalningu (9. gr.

Samgöngunefnd neðri deildar Alþingis fjallaði um frumvarpið, þegar þáverandi samgönguráðherra Steingrímur J. Sigfússon lagði það fram á Alþingi í desember 1990, og sendi það til umsagnar til allra þeirra aðila sem málið varða sem eru 14 talsins, en afgreiddi ekki málið áður en þingi lauk, vörði 1991. Nefndin, sem samdi drögin, fékk umsagnirnar til úrvinnslu og felldi inn í frumvarpsdrögin þær ábendingar sem ástundt vera til bóta. Þannig breytti lagði núverandi samgönguráðherra Halldór Blöndul frumvarpið fyrir að nýja á Alþingi í des. 93 og þaðan fór málið til Samgöngunefndar. Í Samgöngunefnd kom fram óskiljanlegur áhugi á því að breyta efni 9. gr. í þá átt að þurrka nafn yfirvélstjórnans út úr greininni. Svó mikill var áhuginn og sannfæringa-kræfturinn, að ekki var haft fyrir því að alla upplýsinga frá nefndinni sem samdi frumvarpsdrögin til þess að geta henni, þó ekki væri nema fyrir síðnaakir, kost á að skýra sín rök í málinu. Við afgreiðslu málsins klofnaði Samgöngunefnd í afstöðu sinni til þessa máls, þar sem tvö þingmenn, þeir Guðni Ágústsson og Stefán Guðmundsson, samþykktu ekki allt meirihluta Samgöngunefndar, hvað þetta varðar, en lögðu til að greinin yrði eins og nefndin sem samdi frumvarpsdrögin hafði lagt til og samgönguráðherra samþykkt.

Tillögu meirihluta Samgöngunefndar um efni 9. gr. var áttur á móti þannig og þannig varð frumvarpið að lögum. „Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé hæfært þegar það leggur úr

háfa og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Elgunda skipa, útgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á.

Um starfskyldur yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu fer samkv. III. kafla sjómannalaga, nr. 35/1985.

Höstu breytingar á greininni frá frumvarpinu eru:

1. Ráðun efnisins er breytt, nú er ekki fylgt rökkræfi aðburðarð, sem sést best á því að fyrst er fjallað um háttæris-skírteini skipans, því næst um lögboðnar skoðunargerðir, sem eiga sér eðlilega stað í tímaröð áður en háttæris-skírteini er gefið út. Hér er ef til vill ekki um stórnál að ræða en stíngur í snif við annars vandaðan lagatexta.

2. Yfirvélstjórnin er ekki lengur í hópi þeirra sem bera ábyrgð á að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram, þrátt fyrir skýr ákvæði 53. gr. sjómannalaga. Aftur á móti er tilvituninni „eftir því sem við á“ sem nefndin bætti í textana, enn inni í greininni, en nefndin skaut henni inn til að vísa til ábyrgðar

yfirvélstjórnans á að lögskipaður skoðunir fari fram skv. 53. gr. sjómannalaga. Í aðverandi samhengi í greininni þófur þessi tilvitun enga mörkingu.

3. Síðasta málsgreinin, Um starfskyldur yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu fer skv. III. kafla sjómannalaga nr. 35/1985, er á mis- skilningi byggð því hvergi er að finna í þessum kafla ákvæði sem tilgreina verkaskiptingu yfirmanna við skoðunargerð. Aftur á móti er ábyrgðarsvið yfirvélstjórnans við skoðunargerð skilgreint í III. kafla sjómannalaga, ekki annars, hvorki yfir- né undirmanna. Þess vegna er einfaldast að geta hans beint í greininni, eins og frumvarpið gerði ráð fyrir, en sloppa þess í stað marklausri villandi tilvitnun í III. kafla sjómannalaga.

Við aðra umræðu á Alþingi, óskaði fulltrúi kvönnallstans í Samgöngunefnd, Valgerður Jóna Kristjánsdóttir, eftir því að málið kæmi aftur inn í nefndina og fulltráum Vélstjórastéðs Íslands væri gefinn kosur á að gera Samgöngunefnd grein fyrir sinni afsöðu til málsins. Það merkilega gerðist að formður nefnd-

arinnar hafnaði því, en það mun vera sjaldgjæft ef ekki einu sinni að hafnað sé að taka málið aftur fyrir í nefnd, komi fram beiðni um það með sama hætti og þarna gerðist. Þess í stað var málið keyrt í gegnum 3ju umræðu af miklum krafti.

Eftir stendur spurningin, hvað var það sem rak meirihluta Samgöngunefndar til þess að breyta efni 9. gr. frumvarpsdraganna, ákvæðum sem allir hágs- munaaðilar sem þurfa að starfa samkvæmt lögnum og hafa eftirlit með þeim, voru samrædda um. Hvað var það sem rak, alveg sérstaklega ákveðna fulltrúa Sjálfstæðisflokkins í Samgöngunefnd, til þess að beita sér í málinu, en við þá alla var haft samband af hálfu Vélstjórastéðs Íslands og málið skýrt fyrir þeim. Í þeim viðtalum kom greinilega fram að þeir voru búinir að ákveða afsöðu sína og henni breyttu ekki rök. Eftir stendur það, að stjórna- meirihlutinn í Samgöngunefnd skuldar íslenskum vélstjórum skýr svör í þessu máli, hvað ölli afsöðu þeirra, við sættum okkur ekki við svör á borð við „Af því bara“.

H.L.



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Samgönguráðuneytið
b.t. Hælgja Jóhannessonar
Hafnarhúsi
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 1995.

Efni: Umæðgn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum.

Sjómannasamband Íslands leggst ekki gegn því að 2. mgr. 8. greinar laga nr. 35/1993 felli brott úr núgildandi lögum, enda á 1. mgr. sömu greinar að tryggja að ekki verði heimilaður innflutningur annarra skipa en þeirra sem eru vel búin og örugg.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hölmgeir Jónsson

Samgönguráðuneytið

Mál 21/2'95 Mál: 001

9502100



**LANDSSAMBAND
smábátæigenda**

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922
PÓSTFAX 626590

22. febrúar 1995

**Samgönguráðuneytið
Helgi Jóhannesson**

Efni: Umsógn Landssambands smábátæigenda við „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með sðari breytingum“.

Landssamband smábátæigenda er fylgjandi „Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með sðari breytingum“, þar sem lagt er til að 2. mgr. 8. gr. laga 35/1993 falli brott.

Virðingarfyllt

Óm Pálsson framkvæmdarjafi